

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 339/1993.

Strætisvagnar Ísafjarðar hf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Aðalsteini Flosasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi hefur borið því við, að sér hafi verið heimilt að víkja stefnda fyrirvaralaust úr starfi, meðal annars vegna tjóns, sem áfrýjandi telur mega rekja til meðferðar stefnda á bifreið í eigu áfrýjanda 30. nóvember 1989. Þegar tekið er tillit til þess, að málsaðilar gerðu ekki skriflegan ráðningarsamning um störf stefnda hjá áfrýjanda fyrr en eftir þetta, eða 10. desember 1989, þar sem ráðningartíminn var að auki sagður hefjast 1. sama mánaðar, verður ekki fallist á, að heimilt hafi verið að reisa fyrirvaralaus brottvikningu stefnda úr starfi 13. maí 1990 á þessu atviki. Aðrar ávirðingar, sem áfrýjandi hefur borið á stefnda vegna starfa hans, hafa að ýmsu leyti sætt andmælum og eru ekki studdar viðhlítandi gögnum, en að öðru leyti eru þær þess eðlis, að áfrýjanda var ekki heimilt að víkja stefnda úr starfi vegna þeirra án undangenginna áminninga, og er ósannað, að þær hafi verið veittar. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að brottvikning áfrýjanda á stefnda úr starfi hafi verið ólögmat.

II.

Með vísan til þess, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á, að stefndi eigi rétt á að fá greiddar úr hendi áfrýjanda 140.000 krónur á mánuði fyrir tímabilið frá byrjun maí til loka ágúst 1990, samtals 560.000 krónur. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að hann yndi niðurstöðu héraðsdóms um, að stefnda bæri að fá greiddar 15.103 krónur, sem áfrýjandi dró af launum hans fyrir apríl 1990. Frá þessum kröfum stefnda, sem eru samtals að fjárhæð 575.103 krónur, ber að draga þau laun, sem hann vann fyrir með störfum hjá Norðurleið hf. á fyrrgreindu tímabili, eða 350.577 krónur, en gegn eindreginni neitun stefnda er ósannað, að hann hafi haft frekari tekjur á tímabilinu. Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjanda beri að greiða stefnda mismun þessara fjárhæða, 224.526 krónur, með vöxtum, eins og þar er kveðið á um.

III.

Í skriflegum málatilbúnaði sínum fyrir héraðsdómi lét stefndi hjá líða að skýra frá fyrrgreindum tekjum, sem hann aflaði á uppsagnarfresti eftir slit ráðningar sinnar hjá áfrýjanda, og breytti hann ekki kröfum sínum í héraði til lækkunar, þótt áfrýjandi hefði lagt þar fram sönnun um þær tekjur. Er af þessum sökum ekki unnt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað, en dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Strætisvagnar Ísafjarðar hf., greiði stefnda, Aðalsteini Flosasyni, 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 27. maí 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 27. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi

Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur þessi í málinu nr. E-29/1992: Aðalsteinn Flosason gegn Strætisvögnum Ísafjarðar hf., sem tekið var til dóms 30. apríl síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Aðalsteinn Flosason, Barónsstíg 29, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar hf., sem tekið var til dóms 30. apríl síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Aðalsteinn Flosason, Barónsstíg 29, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar á hendur Strætisvögnum Ísafjarðar hf., Seljalandsvegi 76, Ísafirði, með stefnu, út gefinni 24. október 1991, sem birt var stefnda 8. nóvember s. á. Var málið síðan rekið þar fyrir dómi til 1. júlí 1992, en við gildistöku laga nr. 92/1989 þann dag, urðu dómarskipti í málinu, er meðferð þess færðist sjálfkrafa yfir til Héraðsdóms Vestfjarða.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 575.103 krónur með dráttarvöxtum [...].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara er þess krafist, að frá höfuðstól stefnufjárhæðar dragist öll laun, sem stefnandi hafði á tímabilinu frá 13. maí 1990 til 31. ágúst 1990, auk 15.103 kr., samtals 365.680 kr. Í báðum tilvikum verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir.

Í nóvember 1989 var stefnandi ráðinn til starfa bifreiðastjóra hjá stefnda, Strætisvögnum Ísafjarðar hf. Í framhaldi af því var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur 10. desember s. á., sem gilda átti frá 1. s. m. til 1. september 1991. Í samningnum var þó ákvæði þess efnis, að hann væri uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara eða eftir nánara samkomulagi, ef til þess kæmi. Þá voru í samningnum nánari ákvæði um réttindi og skyldur stefnanda. Skyldi hann samkvæmt þeim annast akstur strætisvagns Ísafjarðar samkvæmt þágildandi áætlun frá mánudegi til föstudags að báðum dögum með töldum, og skyldi aksturstími vera frá kl. 6.30 til 13.00, sem teldist ein vakt. Laun stefnanda fyrir eina vakt skyldu vera 70.000 krónur á mánuði að með töldum orlofsgreiðslum, en allar vinnustundir umfram vaktina skyldu teljast aukatímar, sem greiða skyldi með 500 krónum á klst. Færi hins vegar svo, að vinnutími stefnanda yrði óslitinn frá kl. 6.30 til kl. 19.00, skyldi slíkt skoðað sem tvöföld vakt og greitt með 140.000 krónum á mánuði. Þá var í samningnum kveðið á um, að stefnandi skyldi sjá um venjulegt viðhald og þríf á vagninum, og skyldi öll vinna utan aksturstíma vegna viðgerða og viðhalds greidd aukalega með jafnaðarkaupi, 700 krónum á klst.

Skömmu eftir ráðningu stefnanda kveður stefndi hafa farið að bera á ýmiss konar vanrækslu og óvenjulegri hegðun hjá stefnanda. Hafi stefnda margoft borist kvartanir frá farþegum og foreldrum barna, sem tóku sér far með vagninum. Lutu þær einkum að því, að stefnandi væri oft með fætur uppi á stýri við akstur, talaði mikið í síma, meðan á akstri stæði, áætlun vagnsins stæðist ekki og auglýstar ferðir féllu niður. Þá hafi stefnandi fljótlega hætt að annast venjulegt viðhald vagnsins, sem honum þó hafi borið samkvæmt greindum ráðningarsamningi. Einnig hafi hann farið afar ógætlega með hið dýra atvinnutæki, t. d. verið valdur að umtalsverðu tjóni á vagninum 30. nóvember 1989, er vagninn rann stjórnlaus frá starfsstöð stefnda við Seljalandsveg niður bratta brekku, þar sem hann hafnaði á mannlusri bifreið um 55 metrum neðar. Þá hafi hann leikið sér á bifreiðinni utan merktra vega, ekið henni utan í bryggjupolla snemma árs 1990 og loks verið valdur að tveimur minni háttar umferðaróhöppum um svipað leyti. Þá kveður stefndi stefnanda einnig hafa haft til umráða aðra farþega-bifreið í eigu stefnda (Í-1940), en týnt lykklum að henni. Hafi stefndi því þurft að útvega nýja lykla „með hraði“ og orðið að leggja út fyrir þeim samtals 15.103 krónur. Af hálfu stefnda hafi þegar í ársbyrjun 1990 verið byrjað að vara stefnanda við vegna ofangreindrar háttsemi og honum margoft tjáð munnlega, að hann yrði að bæta ráð sitt, en að öðrum kosti yrði hann látinn fara.

Hinn 13. maí 1990 barst stefnanda svohljóðandi skeyti frá stefnda: „Það tilkynnist hér með, að yður er sagt upp störfum hjá Strætisvögnum Ísafjarðar hf. frá og með deginum í dag, 13. maí 1990, vegna vanefnda á ráðningarsamningi. Fyrir hönd Strætisvagna Ísafjarðar hf., Stefán Steinar Tryggvason.“

Með bréfi Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, dagsettu 25. október 1990, til stefnda var framangreindri uppsögn mótmælt sem ólögmætri og þess krafist, að stefndi gerði skil á 15.103 krónum, sem haldið hefði verið eftir af apríllaunum stefnanda, jafnframt því sem stefndi greiddi stefnanda vangoldin laun fyrir maímánuð og laun í uppsagnarfresti mánuðina júní, júlí og ágúst 1990.

Með svarbréfi Stefáns Steinars Tryggvasonar, dagsettu 3. desember 1990, var ofangreindum kröfum stefnanda mótmælt á þeim grundvelli, að Stefán hefði fyrir hönd stefnda margsinnis borið stefnanda kvartanir farþega undan óvægilegum og hættulegum akstri stefnanda, sem þó hefði ekki látið skipast við þær viðvaranir, heldur hefði ástandið þvert á móti versnað og kvörtunum fjölgað. Hafi því uppsögn stefnanda verið öryggis- og neyðarúrræði af hálfu stefnda og til þess gripið að marggefnu og ærnu tilefni. Þá

kom fram í bréfinu, að umræddar 15.103 krónur, sem haldið var eftir af launum stefnanda, væru einungis lítill hluti símaskuldar, sem stefnandi hefði stofnað til í starfi sínu.

Urðu út af svarbréfinu frekari bréfaskriftir, sem ekki þykir þörf að rekja samhengisins vegna, en leiddu að lokum til málshöfðunar þessarar af hálfu stefnanda.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi andmælir því hvorki, að strætisvagn stefnda hafi orðið fyrir tjóni 30. nóvember 1989, né heldur, að stefnandi hafi þrívægis verið valdur að minni háttar umferðaróhöppum snemma árs 1990, en kveður fannfergi, hálku og umferð hafa gert sér aksturinn sérstaklega erfiðan umrædd skipti. Hins vegar hafi fyrirvarsmenn stefnda aldrei veitt sér tiltal eða áminningar vegna þessa. Þá kannast stefnandi ekki við, að kvartað hafi verið undan ökulagi sínu utan eitt skipti, er Ásgeir Sigurðsson, stjórnarformaður stefnda, innti hann eftir því, hvort hann hefði sett fatur upp á stýri við akstur. Þessu hafi stefnandi neitað og ekki hlotið ávítur fyrir af hálfu stefnda. Aðrar ávirðingar í starfi, sem stefnandi hefur borið á stefnda og áður eru raktar, s. s. akstur utan merktra vega og slælega haldnar áætlunarferðir, segir stefnandi ekki eiga við nokkur rök að styðjast. Hins vegar sé rétt hjá stefnda, að stefnandi hafi týnt lyklum að bifreiðinni Í-1940, en það hafi hann tilkynnt nefndum Ásgeiri, sem sótt hafi bifreiðina örskömmu síðar. Því hljóti hann að hafa verið með varalykla að henni.

Stefnandi kannast því ekki við að hafa vanefnt fyrrgreindan ráðningarsamning á nokkurn hátt og hefur eindregið mótmælt því fyrir dómi að hafa fengið nokkurt tiltal, áminningu eða viðvörun, áður en gripið var til uppsagnar á ráðningarsamningnum. Reisir hann því kröfu sína um greiðslu óskertra launa frá 1. maí 1990 til 31. ágúst 1990 á ákvæðum viðkomandi samnings, lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og meginreglum íslensks réttar um skuldbindingargildi samninga. Þá styður hann og kröfuna við þá meginreglu íslensks vinnuréttar, að fylgja beri ákvæðum laga og kjarasamninga um uppsagnarfrest, þegar á slíkt reynir, en fyrirvaralaus brottvikning úr starfi sé undantekning, sem ströng skilyrði gildi um. Sjónarmiðin að baki meginreglunni um uppsagnarfrest séu þau meðal annars að sporna gegn fyrirvaralausum uppsögnum úr starfi og veita vinnuveitendum og starfsmönnum hæfilegt svigrúm til að koma málum sínum þannig fyrir, að sem minnstu tjóni valdi. Þessara sjónarmiða hafi ekki verið gætt, er stefnanda var 13. maí 1990 vikið fyrirvaralaust og með ólögmatum hætti úr starfi bifreiðastjóra. Eigi stefnandi því rétt á bótum vegna hinnar ólögmatu

brottvikningar, sem hann sundurliðar og skýrir frekar með eftirfarandi hætti:

- 1) Kr. 15.103 v/launa haldið eftir í apríl 1990.
- 2) – 140.000 v/vangoldinna launa til 13. maí 1990 og frá þeim tíma til byrjunar á uppsagnarfresti.
- 3) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í júní 1990.
- 4) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í júlí 1990.
- 5) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í ágúst 1990.

Samtals 575.103 kr., sem nemur stefnufjárhæð í málinu.

Varðandi 1. lið kveður stefnandi stefnda hafa haldið eftir nefndum hluta launa í apríl 1990 án haldbærra skýringa. Varðandi lið nr. 2 segir hann stefnda hafa látið undir höfuð leggjast að greiða sér laun frá 1.–13. maí s. á. án nokkurra skýringa, en kröfu til launa frá þeim tíma til 31. maí reisir hann á því, að uppsögn skuli miðast við mánaðamót, sbr. t. d. 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o. fl. nr. 19/1979. Liðir nr. 3–5 séu hins vegar vegna launakröfu í uppsagnarfresti, en stefnandi hafi, frá því að hann hóf störf hjá stefnda, unnið fullar tvær vaktir í skilningi 2. mgr. 1. gr. nefnds ráðningarsamnings og eigi því rétt á tvöfaldri greiðslu, þ. e. 140.000 krónum á mánuði.

— — —

Málsástæður stefnda og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi vanefnt verulega umræddan ráðningarsamning með hátterni sínu, sem áður er lýst og Ásgeir Sigurðsson, stjórnarformaður stefnda, hefur staðfest fyrir dómi. Hafi stefnandi með því háttalagi öllu sýnt svo alvarlegt kæruleysi og oft vítavert gáleysi í starfi, að stefnda hafi verið fullkomlega heimilt að rifta ráðningarsamningnum að undangengnum margítrekuðum munnlegum viðvörðunum þess efnis, að ef stefnandi bætti ekki ráð sitt, yrði hann rekinn. Styður stefndi sýknukröfu sína við ofangreind rök, en samkvæmt íslenskum vinnurétti sé vinnuveitanda heimilt að segja starfsmanni upp störfum, brjóti hann í verulegum atriðum gegn starfsskyldum sínum, og eigi viðkomandi þá ekki rétt til uppsagnarfrests eða launa í uppsagnarfresti.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að við útreikning bóta-kröfu stefnanda beri að miða við grunnlaun samkvæmt ráðningarsamningi, 70.000 krónur á mánuði, en samkvæmt því næmu laun fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst samtals 280.000 krónum. Þar sem stefnufjárhæð sé að mestu leyti skaðabótakrafa, þurfi stefnandi sem launþegi að þola lækkun á kröfunni vegna launatekna, sem hann hafði annars staðar frá í uppsagnarfresti, en sannað sé í málinu, að stefnandi hafi þegið 350.577 krónur í laun á

greindum tíma hjá Norðurleið hf. Með vísan til þessa telji stefndi því ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni, og beri af þeim sökum að sýkna stefnda að fullu.

Varakröfu sína um, að stefnukrafan verði lækkuð, styður stefndi sömu rökum og síðast eru greind, þ. e., að stefnandi verði að þola lækkun á bótakröfu sinni vegna launatekna frá Norðurleið hf., að fjárhæð 350.577 krónur, sem draga skuli frá stefnufjárhæðinni. Þá skuli einnig draga frá stefnufjárhæðinni 15.103 krónur, sem stefnda hafi verið heimilt að halda eftir af launum stefnanda í apríl 1990 vegna þeirrar bótaskyldu háttsemi stefnanda að týna lyklum að bifreiðinni Í-1940, en útlagður kostnaður stefnda við að útvega nýja lykla, hurðarhún og olíulok hafi numið ofangreindri fjárhæð. Því sé varakrafa stefnda sú, að stefnufjárhæðin verði a. m. k. lækkuð um 365.680 krónur.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, greinir aðila á um, hvort stefnandi hafi í starfi sínu sem bifreiðastjóri brotið gegn starfsskyldum sínum gagnvart stefnda. Hefur stefnandi ekki viljað kannast við slíkt, en viðurkennt að hafa fjórum sinnum í þáverandi starfi átt þátt í umferðaróhöppum, sem leiddu til tjóns fyrir stefnda. Hefur ekki verið sýnt fram á, að tjón stefnda hafi verið annað en smávægilegt í þau skipti, ef undan er skilinn tjónsatburður 30. nóvember 1989, en óljóst er um nánari tildrög að því óhappi. Stefndi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að stefnandi hafi í greind skipti sýnt af sér vítavert gáleysi, og jafnframt borið á hann ýmsar aðrar ávirðingar í starfi, sem hann telur svo alvarlegar, að réttlætt hafi bótalaus uppsögn á ráðningarsamningi aðila í milli. Þrátt fyrir andmæli stefnanda hefur stefndi hins vegar ekki lagt fram fullnægjandi gögn ásökunum sínum til stuðnings og eigi heldur með vætti vitna sýnt fram á gróf brot í starfi eða aðrar alvarlegar ávirðingar af hálfu stefnanda. Þykir stefndi því eiga að bera halla af skorti á sönnun fyrir þessum staðhæfingum sínum.

Þá greinir aðila einnig á um, hvort stefnanda hafi verið veitt áminning eða viðvörðun, áður en til uppsagnar kom 13. maí 1990. Hefur stefndi haldið því fram, að svo hafi margsinnis verið gert munnlega og stefnanda verið gefinn kostur á að bæta ráð sitt, en ella hótad uppsögn. Þessu hefur stefnandi mótmælt og kveðst hvorki hafa fengið munnlega né skriflega áminningu né viðvörðun, áður en til uppsagnar kom áðurgreindan dag. Þykir sönnunarbyrði um þetta atriði hvíla á stefnda, enda hefði honum verið í lófa lagið að tryggja rétt sinn til bótalausrar uppsagnar með því að áminna eða

vara stefnanda við með sannanlegum hætti, hvort heldur skriflega eða í votta viðurvist. Með því að láta slíkt undir höfuð leggjast þykir stefndi einnig hér verða að bera halla af skorti á sönnun.

Samkvæmt framanrituðu telur dómurinn uppsögn á ráðningarsamningi stefnanda 13. maí 1990 hafa verið ólögmæta, og beri stefnda því að svara stefnanda bótum. Kemur þá til álita, hvert tjón stefnandi beið vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Liggur fyrir í málinu launaseðill stefnanda fyrir launatímabilið apríl 1990, en samkvæmt honum námu heildarlaun hans þann mánuð 140.000 krónum. Hafa stefnandi og stjórnarformaður stefnda upplýst fyrir dómi, að stefnandi hafi haft sömu laun fyrir vinnu sína í janúar, febrúar og mars 1990, en eilítið lægri laun (127.329 kr.) hafi hann þegið í desember 1989. Þegar litið er til þessa og virt eru ákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila, þykir rétt að dæma stefnanda 140.000 krónur í bætur fyrir vangoldin laun í maí 1990 og sömu fjárhæð í bætur fyrir laun í uppsagnarfresti mánuðina júní, júlí og ágúst 1990, en ósannað er, að staðið hafi fyrir dyrum samdráttur á vinnu eða önnur launaskerðing stefnanda til handa. Ber því að taka bótakröfu stefnanda til greina að fullu, þó þannig, að til frádráttar skulu koma þau laun, er hann sannanlega hafði á tímabilinu frá 13. maí 1990 til 31. ágúst s. á., samtals að fjárhæð 350.577 krónur. Er slíkur frádráttur í samræmi við almennar skaðabótaðreglur og styðst við dómafordæmi.

Þá þykir stefnandi einnig eiga rétt á bótum vegna þeirrar launaskerðingar, sem hann sætti í apríl 1990, að fjárhæð 15.103 krónur, enda hefur stefndi gegn mótmælum stefnanda ekki sýnt fram á réttmæti frádráttarins, en ýmist rökstutt hann með því, að um hafi verið að ræða tjón af völdum stefnanda á kveikjúlás bifreiðarinnar Í-1940 eða skuld hans vegna óheimillar notkunar á farsíma annarrar bifreiðar. Telur dómurinn ekki verða byggt á slíkum mála-tilbúnaði.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í skaðabætur 224.526 krónur. Skal krafan bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags, en sökum frádráttar vegna launa stefnanda í uppsagnarfresti þykir rétt að miða upphaf vaxtanna við 1. september 1990. Að kröfu stefnanda og skv. 12. gr. téðra laga skulu áfallnir dráttarvextir bætast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum og 130. gr. laga um meðferð einkamála ber einnig að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi, fjölda þinghalda og óhjákvæmilegum ferðakostnaði lögmanns stefnanda hæfilega ákveðinn 175.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti og vaxtavexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Strætisvagnar Ísafjarðar hf., greiði stefnanda, Aðalsteini Flosasyni, 224.526 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1990 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda 175.000 krónur í málskostnað með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 11. júní 1994.
